



Nafn  
Heimili  
Póstnr.

Kópavogi, 9. nóvember 2023  
23092020/501.00 KH

### **Melgerði 11. Kynning á byggingarleyfisumsókn.**

Á fundi skipulagsráðs Kópavogs 2. október 2023 var lagt fram erindi byggingarfulltrúa dags. 15. september 2023 þar sem byggingarleyfisumsókn Hauks Ásgeirssonar byggingarverkfræðings dags. 29. júní 2023 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 11 við Melgerði er vísað til skipulagsráðs. Sótt er um leyfi fyrir reisa viðbyggingu með einni íbúð á tveimur hæðum við vesturhlið íbúðarhússins alls brúttó 126,5 m<sup>2</sup> að stærð. Tvö bílastæði eru á lóðinni, sem helst óbreytt. Á lóðinni í dag er steinsteypt 160 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum byggt 1954 auk 40,2 m<sup>2</sup> bílgeymslu, byggðri 1972. Byggingarmagn á lóðinni hækkar úr 200,2 m<sup>2</sup> í 326,7 m<sup>2</sup> við breytinguna og nýtingarhlutfall hækkar úr 0,26 í 0,425. Fjöldi íbúða eykst úr einni í tvær á lóðinni.

Á síðasta ári (maí – júní 2022) var tillaga grenndarkynnt og hafnað af skipulagsráði eftir kynningu. Er breytt tillaga núna til kynningar þar sem komið hefur verið til móts við athugasemdir sem bárust við fyrri kynningu og þeim atriðum sem komu fram í umsögn skipulagsdeildar Kópavogsbæjar. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi: Fyrirhuguð viðbyggingu er nú staðsett um 3,5 metrum lengra til norðurs í átt að götu, engir gluggar verða á gafli til vesturs og byggingarmagn er 12,5m<sup>2</sup> minna og þar með nýtingarhlutfall lóðarinnar nokkru lægra.

**Skipulagsráð samþykkir með tilvísun í 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að framlögð tillaga verði grenndarkynnt fyrir lóðarhöfum lóðanna nr. 9, 10, 12, 13 og 14 við Melgerði og nr. 10, 12 og 14 við Vallargerði.**

Athugasemdum við ofangreinda tillögu skal skila í gegnum skipulagsgátt [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is), málsnr. 843/2023, eigi síðar en þriðjudaginn 12. desember 2023. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á [skipulag@kopavogur.is](mailto:skipulag@kopavogur.is).

Umhverfissvið, skipulagsdeild Kópavogs, notar þær persónugreinanlegu upplýsingar sem settar eru fram vegna athugasemda við skipulag, s.s. kennitölu, nafn og netfang í þeim tilgangi að vinna úr athugasemdum og auðkenna borgarbúa. Að auglýsingarferli loknu eru gögn varðveitt í 30 ár og flytjast að þeim tíma liðnum til Þjóðskjalasafns Íslands skv. lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.

Vakin er athygli á því að athugasemdir teljast til opinberra gagna í allri skipulagsmeðferð og birtast meðal annars nöfn bæjarbúa í fundargerðum skipulags- og samgönguráðs á netinu.

#### **Meðfylgjandi:**

Kynningaruppdráttur að tillögu: Kársnes- Kynning á byggingarleyfisumsókn. Melgerði 11 - dags. 1. nóvember 2023.

Samrit sent lóðarhöfum lóðanna nr. 9, 10, 12, 13 og 14 við Melgerði og nr. 10, 12 og 14 við Vallargerði.

Kynningu er einnig hægt að nálgast á heimasíðu Kópavogsbæjar:

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) / Íbúar / Skipulagsmál / Skipulag og framkvæmdaleyfi í kynningu

*Næsti fundur skipulagsráðs er áætlaður 18. desember 2023.*



**Vakin er athygli á 44. gr. skipulagslaga 123/2010 en þar segir meðal annars:**

- Þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skal skipulagsráð láta fara fram grenndarkynningu.
- Grenndarkynning felst í því að skipulagsráð kynnir nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta leyfisumsókn eða tillögu að breytingu á skipulagsáætlun og gefur þeim kost á að tjá sig um hana innan tilskilins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar sveitarstjórn hefur afgreitt málið skal þeim sem tjáðu sig um það tilkynnt niðurstaða sveitarstjórnar. Þegar um óverulega breytingu á deiliskipulagi er að ræða sendir sveitarstjórn Skipulagsstofnun samþykka deiliskipulagsbreytingu.
- Skipulagsráði er heimilt að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta, sbr. 1. mgr., hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfisskyldu framkvæmd. Skipulagsráði er heimilt að falla frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að breyting á deiliskipulagi eða leyfisskyld framkvæmd varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda.
- Þegar um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skal sveitarstjórn birta auglýsingu um samþykkt deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda. [Hafi auglýsing um óverulega breytingu á deiliskipulagi ekki verið birt í B-deild Stjórnartíðinda innan árs frá samþykki sveitarstjórnar telst breytingin ógild.]<sup>1)</sup>

Virðingarfyllst,

---

Karlotta Helgadóttir  
Ritari skipulagsdeildar

**Meðfylgjandi:**

Kynningaruppdráttur að tillögu: Kársnes- Kynning á byggingarleyfisumsókn. Melgerði 11 - dags. 1. nóvember 2023.

Samrit sent **lóðarhöfum lóðanna nr. 9, 10, 12, 13 og 14 við Melgerði og nr. 10, 12 og 14 við Vallargerði.**

Kynningu er einnig hægt að nálgast á heimasíðu Kópavogsbæjar:

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) / Íbúar / Skipulagsmál / Skipulag og framkvæmdaleyfi í kynningu

**Næsti fundur skipulagsráðs er áætlaður 18. desember 2023.**